

# Fuglar og önnur dýr á verndarsvæðum vatnsbóla Reykjavíkur 2022

Tuttugasta og sjöunda útgáfa

Hafsteinn Björgvinsson

Útgefandi: Veitur ohf.  
Útgáfudagur: Janúar 2023  
Umsjón og ábyrgð: Hafsteinn Björgvinsson



## Skráningarblað skýrslna

Skýrsla nr. 2023-001	Útgáfudagur Janúar 2023	Útgáfustaður Reykjavík
Heiti skýrslu Fuglar og önnur dýr á verndarsvæðum vatnsbóla Reykjavíkur 2022 Tuttugasta og sjöunda útgáfa		
Upplag PDF	Fjöldi síðna 128 blaðsíður	Dreifing Ytri vefur
Höfundur/ar Hafsteinn Björgvinsson		Verknúmer
Unnið fyrir		Samvinnuaðilar
Útdráttur Árlega útgefin skýrsla um fugla og spendýr sem sjást á brunnsvæðum Veitna í Heiðmörk og nágrenni þeirra. Samantekt um fjölda milli ára og flækinga sem sjást og yfirlit fyrir hvert ár síðan 1998.		
Efnisorð Umhverfismál, fuglar, spendýr, vatnsvernd		Yfirfarið

# Fuglar og önnur dýr á verndarsvæðum vatnsbóla Reykjavíkur 2022



Tuttugasta og sjöunda útgáfa 2023



# Formáli

Nú lítur dagsins ljós enn ein útgáfan um fugla- og dýralíf á verndarsvæðum vatnsbóla Reykjavíkur í Heiðmörk.

Hugsunin á bak við þetta rit er að nýta má það sem heimildir þegar fram líða stundir. Erfitt er að fá heimildir um hvernig ástand dýralífs var í Heiðmörk áður en skógrækt þar hófst og því fannst höfundur upplagt að koma einu slíku riti á framfæri fyrir komandi kynslóðir. Einnig ber að hafa í huga að Heiðmörkin er vatnsverndarsvæði og því eðlilegt að skráning á dýralífi sé til staðar og sem mestar upplýsingar fáanlegar um fjölda og tegundir sem þar þrífast.

Frá því höfundur hóf fyrst störf við vatnsbólin í Heiðmörk 1984 hafa orðið mikil umskipti á fjölda ýmissa tegunda og nokkrar nýjar tegundir hafið búsetu þar eða viðdvöl. Ýmsar framkvæmdir hafa einnig orðið til þess að fuglar hafa fært varpstöðvar sínar eða horfið af svæðunum.

Ég vil þakka höfundum mynda sérstaklega fyrir höfðingsskap þeirra að leyfa mér að notast við þær. Það er von mín að sem flestir hafi einhverja ánægju og fróðleik af þessu riti og það megi verða Veitum til sóma.

Hafsteinn Björgvinsson





© Hafsteinn Björgvinsson


## **Himbrimi (Gavia immer)**

Himbrimapar hóf fyrst varp við Hrauntúnstjörn um 1985 og hefur síðan verpt þar á hverju ári. Til undantekningar hefur þó komið nokkrum sinnum þegar flætt hefur yfir hreiðrið eða annar fuglinn hefur látist áður eða eftir að varp hófst. Oftast koma tveir ungar úr hreiðri en illa hefur gengið að koma þeim á legg vegna háspennulína er liggja yfir Hrauntúnstjörn. Ungarnir hafa flogið á línurnar og vængbrotnað eða týnt lífi. Himbriminn er mjög ráðríkur og rekur aðra vatnafugla burt af vötnum sem hann verpir við og dæmi er um að hann bani jafnvel álfum. Þegar himbrimaparið mætir á Hrauntúnstjörn snemma vors, yfirleitt í byrjun maí, hverfa skúfendur sem þar halda sig yfir vetrartímann af tjörninni ásamt öðrum andartegundum. Himbriminn er góður kafari og oft getur verið erfitt að sjá hvort hann er á tjörninni því hann á það til að mara hálfur í kafi og láta lítið fara fyrir sér. Hann getur einnig kafað ansi langa vegalengd í einu og á ótrúlega miklum hraða enda lifir himbriminn á fiski sem hann eltir uppi í kafi. Algengt er að sjá hann mata unga sína á hornsílum. Ef aðrir himbrimar koma á vatnið hafa ungarirnir falið sig meðan á þeirri heimsókn stendur. Mikill slagur hefst þá oftast á milli himbrimanna. Þrjú til fjögur pör verpa nú í Heiðmörk, við Hrauntúnstjörn, Myllulækjartjörn, Helluvatn og Elliðavatn.





© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson





## Álft (*Cygnus cygnus*)

Álftir hafa í gegnum tíðina verið staðbundnir varpfuglar við Hrauntúnstjörn, Kirkjuhólmatjörn og Myllulækjartjörn og hefur yfirleitt verið sitthvort parið á Jaðars- og Myllulækjarsvæði. Ekkert varp var við Hrauntúnstjörn í allmörg ár. Ástæðuna fyrir því tel ég einkum vera varp himbrimans við Hrauntúnstjörn og ráðríki hans. Einnig gæti girðingin sem nú er komin upp í kringum vatnsbólin takmarkað um of beutiland hennar.


Parið sem verpir á Myllulækjartjörn fer oftast strax með ungana sína yfir á Elliðavatn og er líkleg skýring á því hve umferð refa hefur aukist í Heiðmörkinni. Háspennulínur þær er liggja yfir Hrauntúnstjörn hafa grandað mörgum álftum undanfarin ár og eru þau mörg hræin sem fjarlægð hafa verið af svæðinu. Það er umhugsunarefni fyrir orkufyrirtæki landsins að leggja ekki raflínur yfir vötn þar sem mikil umferð fugla er eða taka tillit til þess í framtíðinni.

Oftast er fjöldi unga um fjórir til sex úr hverju hreiðri. Álftir eru grasbítar og sækja mikið í vatnagróður. Þær halda til á vatnasvæðum Heiðmerkur allt árið.





© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson





© Hafsteinn Björgvinsson


## Grágæs (Anser anser)

Áætlaður fjöldi varppara er í kringum tíu til fimmtán á Myllulækjarsvæði og fimmtán til tuttugu á Jaðarssvæði. Skipta má varpsvæðum gæsa í fjóra hluta: Myllulækjar-, Jaðars-, Suðurár- og Hólmsársvæði. Virðast þessir fjórir hópar halda sig aðskildir fram að hausti. Ásókn hrafna og refa í gæsaregg er mikil og eins eru töluverð afföll vegna rafmagnslína.

Árið 1987 eftir að girðing var reist kringum vatnsbólin, fækkaði gæsnum verulega á Jaðarssvæði en fjölgaði þó fljótlega aftur. Síðustu ár hefur grágæsum farið fækkandi í Heiðmörk. Gæsir eru grasbítar en sækjast mikið eftir berjum á haustin. Þær verpa yfirleitt um fjórum til sex eggjum. Þegar líður á varptímamann eftir útungun hópast þær meira saman með unguna og sennilega veitir sú hegðun meiri vörn við afföllum vegna vargs. Þær halda sig nálægt vötnum með unguna þar sem það er eina vörnin að flýja út á vatn þegar hætta steðjar að.

Ekki virðist varp himbrimans á Hrauntúnstjörn hafa áhrif á varpið en gæsirnar eru ófúsar að fara út á Hrauntúnstjörn meðan himbriminn er þar. Þegar fjaðrafelli er lokið og ungarnir orðnir fleygir í ágúst, þá hverfur meginhlutinn af gæsunum af svæðunum. Sennilega flytja þær sig til fjalla í ber og betra æti. Þegar frystir á haustin fara þær þó að sjást aftur í meira mæli þar til þær hverfa til vetrarstöðva.









© Hafsteinn Björgvinsson


## Urtönd (*Anas crecca*)

Urtöndin er algengur varpfugl á vatnasvæðum Heiðmerkur þótt fjöldi varppara sé lítil. Algengt er að tvö til þrjú pör verpi þar árlega. Fjöldi unga er misjafn enda afföll mikil, venjulega þó fjórir til átta ungar. Urtöndin lifir á mýi og vatnagróðri og sést allan ársins hring en flestar þó á vorin og síðla hausts.



© Hafsteinn Björgvinsson









## Stökkönd (*Anas platyrhynchos*)

Stökkendur halda sig allt árið á vötnum vatnsverndarsvæða. Fjöldi þeirra er þó mjög misjafn en yfirleitt eru um tíu til tuttugu stökkendur á svæðunum. Fjöldi varppara er misjafn en venjulega verpa þrjú þör á Jaðarssvæði og eitt til tvö á Myllulækjarsvæði.

Algengur fjöldi unga er nálægt 6 til 8. Helsta fæða er lirfur og vatnagróður.


Stökkendurnar í Heiðmörk eru frekar gæfar enda umferð fólks mikil og sennilega koma þær margar frá Reykjavíkurtjörn.







© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson





© Hafsteinn Björqvinnsson

## Skúfönd (*Aythya fuligula*)

Skúfendur eru að verða ein algengasta andartegundin sem heldur til í Heiðmörk. Skúfendur halda þar til allt árið um kring. Venjulega eru þó ekki mörg pör sem verpa þar miðað við þann fjölda sem oft sést. Um fjögur pör verpa árlega innan girðinga vatnsbóla og er hver önd með um fjóra til átta unga.

Oft má sjá unga skúfandar staka á ferð og grunar mig að ungar og óreyndar skúfendur séu að týna þessum ungum vegna reynsluleysis.

Fæða skúfanda er aðallega mý og krabbadýr sem þær sækja niður á botn vatna enda kafarar góðir. Flestar hef ég talið 170 skúfendur í apríl árið 2010 á Hrauntúnstjörn.





© Hafsteinn Björqvinnsson





© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson






## Duggönd (*Aythya marila*)

Duggendur eru algengar yfir sumarmánuðina og yfirleitt eru fleiri duggendur en skúfendur með unga á vatnasvæðunum. Fjöldi dugganda er þó ekki eins mikill og skúfanda en flestar hef ég talið þær um tuttugu. Fjöldi unga er svipaður og hjá skúföndinni en þó hefur mér fundist að betur gangi hjá duggöndinni að koma upp ungum.

Duggendur eru góðir kafarar og sækja sér æti við botn vatna, aðallega krabbadýr og mýflugnalirfur. Þær eru sjaldséðar yfir vetrarmánuðina.











© Hafsteinn Björgvinsson

## Toppönd (*Mergus serrator*)

Toppöndur sjást á vatnasvæðum Heiðmerkur á öllum árstíðum. Venjulega verpa um fjögur pör á vatnasvæðunum. Fjöldi unga getur verið ansi mikill því algengt er að sjá toppönd með 10 eða fleiri unga í senn. Þær sækjast einna helst eftir sílum og seiðum en ungarnir eltast við mý fyrstu vikurnar.

Mestan fjöldi toppöndu hef ég talið um 35 og þá aðallega síðla sumars.




© Hafsteinn Björgvinsson





© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson





## Rjúpa (Lagops mutus)

Rjúpur halda sig árið um kring í Heiðmörk og verpa tvö til þrjú pör á Jaðarssvæði, eitt til tvö á Myllulækjarsvæði og um tvö pör í Vatnsendakrika. Rjúpan er jurtaeta. Fjöldi




unga er venjulega frá 8 til 12. Þótt svo að rjúpnastofninn sveiflist til á nokkurra ára fresti þá virðist mér samt fjöldi varpfugla á vorin sé ætíð sá sami enda helgar karrinn sér óðul og er sem þau séu öll yfirsetin í Heiðmörk. Lítið er um fálfka í Heiðmörk svo helstu ógnir rjúpunnar eru refir og minkar.





© Hafsteinn Björgvinsson

### Rjúpa



© Hafsteinn Björgvinsson






© Hafsteinn Björgvinsson

## Tjaldur (*Haematopus ostralegus*)

Tjaldar hafa verpt á vatnsverndarsvæðunum en ekkert varp hefur verið síðan 1996 innan svæða vatnsbóla. Þó hefur það komið fyrir að tjaldar komi með unga inn á svæðin. Tjaldar sjást þó oft við tjarnir vatnsbóla í ætisleit einkum þá á vorin. Tjaldar eru lin- og skordýraætur.








## Sandlóa (*Charadrius hiaticula*)

Tvö til þrjú pör verpa á Jaðarssvæði og eitt til tvö pör á Myllulækjarsvæði. Sandlóan á það til að verpa á vegum að vatnsbólum og hefur þá þurft að verja hreiðrin með búkkum svo bifreiðar aki ekki yfir þau. Ungarnir halda sig oft í vegköntum og stundum hefur verið brugðið á það ráð að smala þeim á öruggari staði. Fjöldi unga er allt að fjórir. Sandlóan er skordýra og vatnadýraæta.











© Hafsteinn Björgvinsson


## Heiðlóa (*Pluvialis apricaria*)

Algengur varpfugl í Heiðmörk. Um tíu þör verpa innan girðinga en mikil afföll verða vegna vargfugls, refa og minka. Fjöldi unga er allt að fjórir. Lóan lifir á lindýrum og berjum.



© Hafsteinn Björgvinsson

### Heiðlóa







© Hafsteinn Björgvinsson


## Lóupræll (*Calidris alpina*)

Einn af þeim varpfuglum sem hefur átt í vök að verjast á vatnsverndarsvæðunum. Lítið áberandi og því erfitt að henda reiður á fjölda. Ég ætla þó að um fimm þör verpi innan svæða. Lifir á vatnadýrum, lindýrum og skordýrum. Fjöldi unga er allt að fjórir.



© Hafsteinn Björgvinsson

### Lóupræll








## Hrossagaukur (Gallinago gallinago)

Sú fuglategund sem hefur mestan fjölda varppara á vatnsverndarsvæðunum er sennilega hrossagaukurinn. Lauslega áætla ég að um 30 til 40 pör verpi á vatnsverndarsvæðunum. Fjöldi unga er yfirleitt allt að fjórir hjá hverju pari en mikil afföll eru vegna hrafna, sílamáfa, refa og minka. Hrossagaukur lifir á lindýrum, skordýrum og vatnadýrum. Hrossagaukum hefur farið fækkandi síðustu ár í Heiðmörk.



### Hrossagaukur








## Jaðrakan (*Limosa limosa*)

Jaðrakan hefur verið árviss varpfugl. Eitt til tvö pör verpa að öllu jöfnu á vatnsverndarsvæðunum og fjöldi unga er allt að fjórir. Jaðrakan er vaðfugl sem lifir mest á vatnadýrum, lindýrum og skordýrum.








## Spói (*Numenius phaeopus*)

Algengur varpfugl í Heiðmörk. Verpir einna helst í Vatnsendakrika og austan við Gvendarbrunnahús. Oftast verpa um tvö til þrjú pör á vatnsverndarsvæðunum og fjöldi unga er allt að fjórir. Spóinn er skordýra- og lindýraæta.



### Spói







© Hafsteinn Björgvinsson


## Stelkur (*Tringa totanus*)

Um fjögur pör verpa á Jaðarssvæði og tvö á Myllulækjarsvæði. Mikil afföll eru á ungum stelksins og venjulega komast aðeins örfáir ungar á legg ár hvert. Fjöldi unga er allt að fjórir. Stelkurinn lifir á ýmsum lin- og vatnadýrum.



© Hafsteinn Björgvinsson

### Stelkur







© Hafsteinn Björgvinsson


## Óðinshani (Phalaropus lobatus)

Tvö til fjögur pör verpa á vatnsverndarsvæðunum að jafnaði. Óðinshaninn er einn þeirra fugla sem tilkoma minka og þverrandi votlendi hrjá. Fjöldi fugla er venjulega nálægt 20 og fjöldi unga er allt að fjórir. Lifir einkum á vatnadýrum og mýflugnalirfum.



© Hafsteinn Björgvinsson

### Óðinshani







© Hafsteinn Björgvinsson


## Hettumáfur (*Larus ridibundus*)

Á haustin sækja hettumáfar mjög í tjarnir og vötn vatnsverndarsvæðanna og eru þá líklega að eltast við hornsíli sem eru þá þar í miklum mæli. Hann hefur ekki orpið undanfarin ár innan svæða, en varp hefur fundist við Myllulækjartjörn.



© Hafsteinn Björgvinsson

### Hettumáfur








## Sílamáfur (*Larus fuscus*)

Árið 1985 fannst fyrsta sílamáfshreiðrið á Jaðarssvæði og var þá ráðist í það verk að fækka honum í nágrenni vatnsbóla með eggjatínslu. Aðal varpsvæði sílamáfa var þá í Rauðhólum, á Hólmsheiði og milli Hólmsár og Suðurár. Um 80 pör voru í þessum vörpum og fyrsta árið voru um 200 egg tínd. Sílamáfunum hefur síðan fækkað ár frá ári og nú verpa sílamáfar ekki lengur þar. Lítið varp er við Elliðavatn. Fjöldi unga er allt að þrír. Sílamáfar sækjast mikið eftir ungum annarra fugla innan vatnsverndarsvæða og um alla Heiðmörk. Algengt er á haustin að sjá unga sílamáfa í berjamó um alla Heiðmörk. Það kemur fyrir á sumrin þegar rignir mikið að stórir hópar sílamáfa safnist saman í Heiðmörk og eru þá að éta ánamaðka sem koma upp úr jörðu.

### Sílamáfur








© Hafsteinn Björgvinsson



## Kría (*Sterna paradisaea*)

Kríur urpu á hæðinni hjá Jaðri og voru þar um 10 pör. Eftir að girt var í gegnum varpið 1987 hurfu þær. Lítið varp er á Myllulækjarsvæði og verpa fjögur pör þar venjulega. Hins vegar hefur kríuvarp ofan við sprengiefnageymslur við Almannadal stækkað mikið undanfarin ár. Því miður hafa byggingaframkvæmdir vestan við Fjárborg eyðilagt varpið sem þar var.

Kríur sækjast eftir æti inn á vatnsverndarsvæðin, einkum síli og lirfur og oft má þá sjá mikinn fjölda af kríum tína flugur af Hrauntúnstjörn á sinn fimlega hátt. Fjöldi unga er einn til tveir.








## Pífutittlingur (*Anthus pratensis*)

Áætlaður fjöldi varppara er um 15 á vatnsverndarsvæðunum.  
Fjöldi unga er yfirleitt fjórir.  
Pífutittlingurinn er skordýraæta.



### Pífutittlingur







© Hafsteinn Björgvinsson


## Maríuerla (*Motacilla alba*)

Oftast hafa tvö pör orpið á Jaðarssvæði. Eitt við Jaðar og annað við steinréttina hjá Gvendarbrunnahúsi. Maríuerlan er skordýraæta. Árin 1985 og 1986 verpti eitt par inni á klettunum í Gvendarbrunnahúsi. Fjöldi unga er allt að fjórir.



© Hafsteinn Björgvinsson

### Maríuerla








## Steindepill (*Oenanthe oenanthe*)

Ekki hef ég fundið hreiður steindepils innan girðinga, en öruggt er að tvö til þrjú pör verpi á vatnsverndarsvæðunum. Algengast er að sjá steindepla í Vatnsendakrika og eins austan við Gvendarbrunnahús. Steindepillinn er skordýraæta.



### Steindepill








## Skógarpröstur (*Turdus iliacus*)

Mikið er um skógarpresti í Heiðmörk og áætlað er að um 20 pör verpi innan vatnsverndarsvæða, flestir á Myllulækjarsvæði. Skógarprestir geta verpt oftast en einu sinni hvert sumar. Hann lifir á skordýrum og lindýrum. Einnig eru þeir sólgnir í ber á haustin og má þá sjá skógarpresti í hundraðatali í Heiðmörk.



### Skógarpröstur







© Hafsteinn Björgvinsson


## Svartþröstur (*Turdus merula*)

Svartþröstir sjást yfir allt árið í  
Heiðmörk. Staðfest er að hann  
verpir þar og fer fjölgandi.



© Hafsteinn Björgvinsson

## Svartþröstur







© Hafsteinn Björgvinsson

## Krossnefur (*Loxia curvirostra*)


Til tveggja krossnefja sást í maí 2002 á Myllulækjarsvæði. Hann er evrópskur flækingsfugl.

Krossnefir voru með varp í Heiðmörk í mars 2009. Óreglulegur varpfugl í Heiðmörk.



© Hafsteinn Björgvinsson

## Krossnefur







© Hafsteinn Björgvinsson

## Glókollur (*Regulus regulus*)

Glókollar sáust í fyrsta skiptið við Kirkjuhólmatjörn í október 2002. Glókollurinn er nýbúi á Íslandi og er tekinn við hlutverki músarrindilsins sem minnsti fugl landsins. Helsta fæða hans er grenilús. Glókollar eru óreglulegir varpfuglar í Heiðmörk og koma frá Evrópu.




© Hafsteinn Björgvinsson





© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson





© Hafsteinn Björgvinsson


## Hrafn (*Corvus corax*)

Áður en Gvendarbrunnahús var byggt verpti eitt par í gjánni, en síðari ár hafa hrafnar verpt í Rauðhólum og austan við Heiðmörk. Hrafnar sækja mikið í egg og unga varpfugla á vatnsverndarsvæðum og eru mjög stórtækir á því sviði. Þegar ungar hrafnsins eru fleygir koma foreldrarnir oft með þá inn á vatnsverndarsvæðin og halda þar til. Hrafnar sækja mikið í hræ og ber. Fjöldi unga er allt að fimm.



© Hafsteinn Björgvinsson

## Hrafn








© Hafsteinn Björgvinsson

## Stari (*Sturnus vulgaris*)

Starapar verpti árlega í steinskúrnum hjá Jaðri og einnig í V-5. Ráðstafanir voru gerðar til að hindra áframhaldandi varp stara á þessum stöðum. Starar sjást oft í stórum hópum innan vatnsverndarsvæða þegar þeir koma í náttstað. Starinn er að mestu skordýraæta.



© Hafsteinn Björgvinsson








© Hafsteinn Björgvinsson

## Auðnutittlingur (*Acanthis flammea*)

Nokkuð algengt er að sjá auðnutittlinga í Heiðmörk, einkum á haustin. Hann er árviss varpfugl í Heiðmörk. Auðnutittlingar sjást allt árið og lifa á skordýrum og birkifræjum.



© Hafsteinn Björgvinsson








© Hafsteinn Björgvinsson

## Rauðhöfðaönd (*Anas penelope*)

Rauðhöfðaendur sjást venjulegast allt árið en mest þó yfir vetrartímann á tjörnum vatnsverndarsvæða. Er óreglulegur varpfugl í Heiðmörk. Rauðhöfðaönd lifir einkum á vatnagróðri.



© Hafsteinn Björgvinsson







© Hafsteinn Björgvinsson


## Straumönd (*Histrionicus histrionicus*)

Straumöndin er ekki varpfugl innan vatnsverndarsvæða en straumendur sjást stundum á Suðará við Hrauntúnstjörn og heimildir eru til um varp í nágrenni. Straumöndin er mýflugnaæta.



© Hafsteinn Björgvinsson

## Straumönd








## Smyrill (*Falco columbarius*)

Smyrlar sjást allt árið einkum þó á haustin og eru þá að veiða smáfugla og unga í Heiðmörk. Heimildir eru til um varp smyrila í Heiðmörk.



### Smyrill







© Hafsteinn Björgvinsson




© Hafsteinn Björgvinsson

## Fálki (*Falco rusticolus*)

Fálkinn er algengur á haustin í Heiðmörk og sækist þá eftir rjúpum og öðrum fuglum. Ekki er ósennilegt að varp fálka sé í nágrenni Heiðmerkur.



© Hafsteinn Björgvinsson








© Hafsteinn Björgvinsson

© Hafsteinn Björgvinsson

## Kjói (*Stercorarius parasiticus*)

Kjóar sjást oft á flugi í Heiðmörk. Kjóapar hélt sig vestan við Vatnsendakrika nokkur sumur í kring um 1996 en ekki hefur fengist staðfesting á varpi.




## Svartbakur (*Larus marinus*)

Svartbakur er sjaldséður fugl í Heiðmörk en eitt hreiður fannst þó árið 1990 á Hólmsheiði.



© Hafsteinn Björgvinsson







© Hafsteinn Björgvinsson

## Brandugla (*Asio flammeus*)

Branduglur sjást af og til í Heiðmörk og þá einkum á haustin. Hún er músaæta mikil og veiðir þær er rökkva tekur. Einnig lifir hún á ungum annarra fugla. Heimildir eru til um varp í Heiðmörk.




© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson

## Brandugla







© Hafsteinn Björgvinsson


## Músarrindill (Troglodytes troglodytes)

Músarrindlar eru algengir um alla Heiðmörk og sjást allt árið um kring. Músarrindillinn er skordýraæta. Undanfarin ár hefur yfirleitt verið varp á Jaðarssvæði.



© Hafsteinn Björgvinsson

### Músarrindill







© Hafsteinn Björgvinsson


**Snjótittlingur  
(Sólskríkja)  
(Plectrophenax nivalis)**

Algenzt er að sjá hópa snjótittlinga í Heiðmörk á veturna. Ekki hef ég þó orðið var við varp hingað til en heimildir eru til um varp í Heiðmörk.



© Hafsteinn Björgvinsson

**Snjótittlingur**





# Gestir í Heiðmörk







## Gráhegri (*Ardea cinerea*)


Gráhegrar hafa oft vetursetu á vatnasvæðum Heiðmerkur. Þeir eru flækingar hér á landi.

Gráhegrar sækjast eftir hornsílum og fiski í tjörnum og vötnum Heiðmerkur. Gráhegrar koma hingað líklegast frá Evrópu.

© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson






## Haförn (*Haliaeetus albicilla*)

Hafernir hafa af og til sést í Heiðmörk og þá einna helst ungfuglar. Haförninn lifir á fiski, fuglum og hræjum.

### Haförn







© Hafsteinn Björgvinsson


## Hvinönd (*Bucephala clangula*)

Hvinöndin er nokkuð algengur gestur yfir vetrartímamann á vatnsverndarsvæðunum. Hún sækir æti í botn vatna og þá einkum krabbadýr. Hún kemur líklegast frá Norðurlöndunum hingað til vetursetu.



© Hafsteinn Björgvinsson

## Hvinönd








## Æðarfugl (*Somateria mollissima*)

Af og til hafa æðarfuglar sést á Suðuránni ofan við Helluvatn.

© Hafsteinn Björgvinsson

### Æðarfugl




## Dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*)

Algengt er að sjá unga dílaskarfa við vötnin í Heiðmörk, aðallega snemma vors. Eru þeir þá að eltast við fiska í vötnunum.



© Hafsteinn Björgvinsson

### Dílaskarfur








## Tildra (*Arenaria interpres*)

Tildirur hafa einkum viðdvöl í maí og eru þá aðallega að tína upp rykmý við vötnin. Sennilega eru tildirnar í Heiðmörk með viðkomu þar á leið sinni til varpstöðva á Grænlandi.



### Tildra







© Hafsteinn Björgvinsson

## Skeiðönd (*Anas clypeata*)

Skeiðandarsteggur hélt sig við Elliðavatn vorið 1998. Tvær skeiðendur sáust svo 2012 á Elliðavatni.




© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson

### Skeiðönd







© Hafsteinn Björgrímsson


## Sendlingur (*Calidris maritima*)

Sendlingar sjást einstaka sinnum, og þá helst á vorin.



© Hafsteinn Björgrímsson

### Sendlingur



© Hafsteinn Björgrímsson



© Hafsteinn Björgrímsson





© Hafsteinn Björgvinsson

## Gulönd (*Mergus merganser*)

Gulendur halda til á vatnasvæðum Heiðmerkur en eingöngu þó yfir vetrartímann. Ekki er vitað um varp gulanda í Heiðmörk. Gulöndin er fiskæta.




© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson

## Gulönd








## Grafönd (*Anas acuta*)

Tvær grafendur sáust hjá Hrauntúnstjörn í ágúst 1998. Einn grafandarsteggur hélt sig við Helluvatn í apríl og maí árið 2005.








© Hafsteinn Björgvinsson

## Hávella (*Clangula hyemalis*)

Tvær hávellur sást í október 1999 á Hrauntúnstjörn og sjást af og til yfir vetrarmánuðina.








## Lómur (*Gavia stellata*)

Lómur sást á Elliðavatni í júlí 2001 en þeir sjást þó sjaldan í Heiðmörk. Heimildir eru til um varp lóma á Kirkjuhólmatjörn.







© Hafsteinn Björgvinsson




© Hafsteinn Björgvinsson

## Hringönd (*Aythya collaris*)

Til hringandarsteggs sást með skúfandahóp í febrúar 2001. Hefur sést nokkrum sinnum eftir það og þá einkum að vetri til. Hringöndin er flækingur frá Ameríku.

### Hringönd





## **Bakkasvala** **(*Riparia riparia*)**

Bakkasvala sást við Elliðavatn í apríl 2004 og hefur sést þar aftur.

Bakkasvölur lifa bæði í Evrópu og N- Ameríku.



## **Fjallvákur** **(*Buteo lagopus*)**

Fjallvákur hélt sig við Vatnsendakrika í apríl 2002. Sást við Jaðar í október 2007.

Fjallvákur lifir bæði í Ameríku og Evrópu.



## **Skúmur** **(*Catharacta skua*)**

Skúmar sjást stundum á flugi í Heiðmörk en hafa ekki viðdvöl þar svo vitað sé.





## Skógarsnípa (*Scolopax rusticola*)


Skógarsnípa sást austan við Myllulækjarsvæði í mars 2003. Tvær skógarsnípur sást svo í maí 2009 í Heiðmörk.



© 2010 Hafsteinn Björgvinsson

Hún er evrópskur flækingur og staðfest er að hún hafi verpt á Íslandi.

### Skógarsnípa




## Landsvala (*Hirundo rustica*)

Landsvölur sjást af og til í Heiðmörk þá einkum á vorin.



© Hafsteinn Björgvinsson

### Landsvala







## Haftyrðill (Alle alle)


Haftyrðill sást á Helluvatni í janúar 2005. Sennilega hrakist þangað í vondu veðri.

## Fýll (Fulmarus glacialis)

Fýlsungar verða oft strandaglópar innan vatnsverndarsvæða í ágúst og september þegar þeir missa flug á leið sinni til sjávar. Þeir verða þá oft bráð minka og refa.



## Fýll









## Kúfönd (*Aythya affinis*)

Kúfönd sást á Hrauntúnstjörn í lok febrúar  
2007. Sést af og til.

Kúföndin er amerískur flækingsfugl.



### Kúfönd







**Rauðhegri  
(*Ardea  
purpurea*)**

Rauðhegri hélt sig við tjarnir og vötn í Heiðmörk í maí 2007. Þetta er annað skiptið sem þessi tegund finnst á Íslandi. Hann er sjaldgæfur evrópskur flækingsfugl.

© Hafsteinn Björgvinsson

**Gransöngvari  
(*Phylloscopus collybita*)**

Gransöngvari sást við Myllulækjartjörn í lok október 2007. Gransöngvarinn er evrópskur flækingsfugl.



© 2005 Yann Kolbeinsson





© Hafsteinn Björgvinsson

## Flórgoði (*Podiceps auritus*)


Flórgoðar eru farnir að sjást í meira mæli á vötnum Heiðmerkur. Þeir lifa einkum á hornsílum.

Nú er staðfest að flórgoðar eru farnir að verpa á Elliðavatni.



© Hafsteinn Björgvinsson

### Flórgoði







© Hafsteinn Björgvinsson


## Gargönd (*Anas strepera*)

Eitt gargandarpar var við Helluvatn í apríl 2008 og einn fugl sást 2013.



© Hafsteinn Björgvinsson

## Gargönd








## Ljóshöfðaönd (*Anas americana*)

Ljóshöfðasteggur sást á Hrauntúnstjörn í nóvember 2010 ásamt rauðhöfðaöndum. Virtist sem hann væri paraður við unga rauðhöfðakollu. Ljóshöfði er norður-amerískur flækingur.



### Ljóshöfðaönd








## Keldusvín (*Rallus aquaticus*)

Keldusvín er einn af þeim fuglum sem hættir eru að verpa á Íslandi. Þverrandi votlendi og minkar eru talin ein helsta ástæða þessa. Einstaka fugl sést þó af og til á landinu en ekki hef ég orðið var við keldusvín í Heiðmörk gegnum árin fyrr en árið 2010.



### Keldusvín







© Hafsteinn Björgvinsson

## Silkitoppa (*Bombycilla garrulus*)

Tvær silkitoppur sáust austan við Gvendarbrunna í desember 2010. Silkitoppa er nokkuð algengur flækingur á Íslandi sem lifir í barrskógum norðarlega í Evrópu og Ameríku.




© Hafsteinn Björgvinsson





## Hvitmáfur (*Larus hyperboreus*)

Hefur sjaldan viðvöl en sést þó stundum á flugi í Heiðmörk.



## Bjartmáfur (*Larus glaucooides*)

Einn bjartmáfur sást við Hrauntúnstjörn í lok maí 2011. Bjartmáfar eru ekki varpfuglar á Íslandi en verpa norðarlega í Kanada og á Grænlandi. Þeir sjást stundum við vötn og þá helst á vorin og haustin.








© Hafsteinn Björgvinsson

## Grápröstur (*Turdus pilaris*)

Hópur gráprasta sást á Jaðarssvæðinu í nóvember 2011, alls um 31 fugl. Einnig sást grápröstur við Elliðavatn í janúar 2012. Gráprestir eru flækingar sem koma væntanlega frá Skandinavíu.







## Helsingi (*Branta leucopsis*)

Einn helsingi hélt sig nálægt Rauðhólum í maí 2011 með hópi grágæsa.

Helsinginn hefur viðdvöl á Íslandi á leið sinni til milli Bretlands og Grænlands en lítill stofn helsingja verpir í Skaftafellssýslu.

## Flóastelkur (*Tringa glareola*)

Tveir flóastelkar sáust í júní 2011 við Elliðavatn. Hann er evrópskur flækingur.







Gudmundur Geir

## **Taumönd** **(Anas querquedula)**

Taumönd sást við Elliðavatn í maí árið 2009. Taumöndin er evrópskur flækingur.

## **Bláheiðir** **(Circus cyaneus)**

Ungur bláheiðir sást í Heiðmörk í febrúar 2012. Hann er evrópskur flækingur.







© Sigmundur Ásgeirsson

### **Trjásvala** **(Tachycineta bicolor)**

Trjásvala sást í Heiðmörk í maí 2012. Hún er amerískur flækingsfugl og var þetta fyrsta staðfesta skiptið um að þessi tegund hafi komið til landsins.

### **Kolperna** **(Chlidonias niger)**

Kolperna sást við Helluvatn og Hrauntúnstjörn í maí og júní 2012. Hún er evrópskur flækingsfugl. Kolperna sást við Reykjavíkurtjörn sumarið 2013.



© Hafsteinn Björgólfsson



© Hafsteinn Björgólfsson



## Húsönd (*Bucephala islandica*)

Húsandarsteggur hélt sig á Helluvatni þar sem Suðará rennur í vatnið í mars 2013.



© Hafsteinn Björgvinsson

## Gvönd (o: *Penelope acuta* platyrhynchos :o)


Þessir tveir blendingar hafa sést við Gvendarbrunna. Annar í mars 2013 og hinn í mars 2016. Þeir héldu sig báðir með stökköndum sem voru á tjörn þeirri sem fyrst var notuð til að veita köldu vatni til Reykjavíkur. Sennilegast eru þetta blendingar rauðhöfða eða grafandar og stökkandar. Aðrar tilgátur hafi þó komið fram.

Blendingur duggandar og skúfandar var á Hrauntúnstjörn í mars 2017.

Blendingar hringanda og skúfanda hafa stundum sést á Hrauntúnstjörn.



© Hafsteinn Björgvinsson







© Hafsteinn Björgvinsson

## **Kambönd (Lophodytes cucullatus)**

Ung kambönd á fyrsta vetri sást á tjörnum Heiðmerkur í janúar 2014 og hélt sig þar fram á vorið. Í nóvember og desember sást svo kambandarsteggur í fullum skróða og sennilegt er að um sama fugl sé að ræða. Fuglinn sást áfram fram á sumar 2015 og birtist svo aftur um haustið.

Önnur kambönd sást á Elliðavatni í desember 2015 en hvarf fljótlega.

Kamböndin sást síðast í maí 2016.

Þetta er fjórða kamböndin sem finnst á Íslandi, en hún er flækingsfugl sem kemur frá norðanverðri Ameríku. Helsta fæða kambanda er síli.



© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson



**Glóbrystingur**  
*(Erithacus rubecula)*

Glóbrystingur hélt sig austan Gvendarbrunna sumarið 2015. Hann er evrópskur flækingsfugl.



**Skutulönd**  
*(Aythya ferina)*

Skutulönd sást á Hrauntúnstjörn í lok maí 2015. Hún er evrópskur flækningur sem verpir þó við Mývatn.








© Sigmundur Ásgeirsson

## **Gjóður** *(Pandion haliaetus)*

Gjóður sást við Elliðavatn í septemberlok 2016. Líklegast var þetta amerískur flækingur. Gjóðar lifa einkum á fiski.



© Hafsteinn Björgvinsson





© Hafsteinn Björgvinsson

**Bjarthegri**  
(*Egretta garzetta*)

Bjarthegri var við Elliðavatn í október 2016 og september 2019. Hann er evrópskur flækingur og sést stundum á haustin hér á landi.



**Margæs**  
(*Branta bernicla*)

Ein margæs var við Hrauntúnstjörn í október 2016. Sennilega verið viðskila við stærri hóp í farflugi. Margæsir hafa viðdvöl á Ísland á leið sinni til og frá Írlandi til Grænlands og Kanada þar sem þær verpa.

© Hafsteinn Björgvinsson



***Blesgæs***  
***(Anser albifrons)***

Ein blesgæs hafði stutta viðdvöl við Hrauntúnstjörn í nóvember 2017.

Blesgæsir hafa sést á engjunum við Elliðavatn en þær hafa viðdvöl á Íslandi vor og haust á leið sinni til og frá Grænlandi.



© Sigmundur Ásgeirsson

***Bleshæna***  
***(fulica atra)***

Bleshæna var við Hrauntúnstjörn í desember 2018.

Hún er evrópskur flækingsfugl. Bleshænan borðar jafnt egg annara fugla sem og þörunga, ýmsan gróður, fræ og aldin.



© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson





© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson



© Hafsteinn Björgvinsson

## Dverggoði (*Tachybaptus ruficollis*)

Dveggoði var á Hrauntúnstjörn frá janúar til apríl 2019. Sjaldséður flækingur sem kemur frá Evrópu. Helsta fæða eru síli.

## Bjargdúfa (*Columba livia*)

Bjargdúfa var að þvælast um í Heiðmörk í maí 2019. Er varpfugl á Íslandi og lifir mest á fræjum.







## **Vetrartittlingur** **(*Junco hyemalis*)**

Vetrartittlingur sást við Gvendarbrunna í lok nóvember 2020. Þetta er annað skiptið sem þessi tegund sést á Íslandi svo vitað sé. Hann er N-Amerískur flækingur.





**Heiðagæs**  
(*Anser brachyrhynchus*)

Heiðagæs sást á Hrauntúnstjörn í ágúst 2022. Oft má sjá heiðagæsir í farflugi, þá bæði vor og haust en þær hafa samt aldrei viðdvöl á vatnasvæðum Heiðmerkur svo vitað sé.





# Spendýr í Heiðmörk

## Hagamús (*Apodemus sylvaticus*)

Mikill fjöldi hagamúsa lifir í Heiðmörk og á vatnsverndarsvæðunum og ber töluvert á því að þær sækji í mannvirki vatnsöflunar á veturna. Erfitt getur verið að henda reiður á fjölda þeirra enda er hann mjög breytilegur eftir árferði. Alæta sem lifir þó mest á fræjum og berjum.

### Hagamús yfirlit ára

**Árið 1998:** Mikil fjölgun hjá hagamúsum þetta árið vegna góðs tíðarfars í sumar.

**Árið 1999:** Heldur minna um mýs á þessu ári.

**Árið 2000:** Frekar lítið um hagamýs á þessu ári.

**Árið 2001:** Mikið hefur sést af hagamúsum í haust og vetur.

**Árið 2002:** Frekar lítið um hagamýs.

**Árin 2003 til 2010:** Töluvert um hagamýs og þá einkum á haustin.

**Árið 2011:** Mun minna af hagamúsum.

**Árið 2012:** Lítið um hagamýs þetta árið.

**Árin 2013 og 2014:** Virðist sem hagamúsum sé aftur byrjað að fjölga.

**Árið 2015:** Lítið um hagamýs þetta árið.

**Árin 2016 og 2017:** Mun meira um hagamýs þessi ár.

**Árin 2018 og 2019:** Mun minna af hagamúsum en síðustu tvö ár.

**Árið 2020:**

Töluvert sést af hagamúsum í haust og vetur.

**Árið 2021:**

Töluvert sést af hagamúsum í vetur.

**Árið 2022:**

Töluvert sést af hagamúsum í haust.







## **Húsamús (Mus musculus)**

Húsamús finnst helst í húsakynnum Veitna, þó í mjög litlum mæli. Húsamúsinn er alæta.

### **Húsamús yfirlit ára**

*Árin 1998 til 2000:* Óbreytt ástand.

*Árið 2001:* Meira hefur sést af húsamúsum en undanfarin ár.

*Árin 2002 til 2007:* Óbreytt ástand.

*Árið 2008:* Ein mús veiddist á Jaðri í nóvember.

*Árin 2009 til 2022:* Óbreytt ástand.





## **Kanína** **(Oryctolagus cuniculus)**

Kanínur hafa lengi sést í Heiðmörk og er skemmst frá því að segja að ein kanína hélt sig á Myllulækjarsvæðinu í tvö ár og virtist geta lifað af harðan vetur. Líklegt er að þeim hafi verið sleppt í Heiðmörkinni eða þær sloppið úr búrum í nágrenni Heiðmerkur. Kanínur eru jurtaætur.

### **Kanína yfirlit ára**

**Árið 1998:** Til kanínu sást í vor fyrir ofan T-2.

**Árið 1999:** Kanínur sáust austan við Myllulækjarsvæði í sumar.

**Árið 2000:** Tvær kanínur sáust í sumar vestan við Myllulækjarsvæði.

**Árið 2001:** Ekki sést til kanína á þessu ári.

**Árið 2002:** Nokkrar kanínur héldu sig við Elliðavatnsbæinn.

**Árin 2003 og 2004:** Fjölgun kanína við Elliðavatnsbæinn.

**Árin 2005 til 2013:** Mikið um kanínur við Elliðavatnsbæinn.

**Árin 2014 til 2022:** Mjög lítið um kanínur þessi ár.





## **Köttur (Felis catus)**

Það hefur borið á því af og til að kettir sjáist í Heiðmörk og þá bæði heimilis- og villikettir og oft eru það þá kettir sem fólk hefur losað sig við þar.

### **Köttur yfirlit ára**

*Árin 1998 til 2004:* Óbreytt ástand.

*Árið 2005:* Læða með fjóra kettlinga fannst við Hraunslóð.

*Árið 2006:* Óbreytt ástand.

*Árið 2007:* Óbreytt ástand.

*Árið 2008:* Einn villiköttur aflífaður við Hrauntúnstjörn.

*Árið 2009:* Óbreytt ástand.

*Árið 2010:* Einn villiköttur aflífaður við Hrauntúnstjörn.

*Árin 2011 til 2022:* Óbreytt ástand. Einn villiköttur aflífaður 2013 hjá Jaðri og annar á sama stað 2014.





© Hafsteinn Björgvinsson

## ***Refur*** **(*Alopex lagopus*)**

Refum hefur fjölgað mjög síðan 1990 og ber mest á þeim í Vatnsendakrika enda hefur greni fundist skammt þar frá. Seinustu ár hefur hann verið að færa sig neðar í Heiðmörkina og greni fundist innan girðinga vatnstökusvæða. Mjög algengt er að sjá þá rölta um Heiðmörkina í leit að æti og þá helst eggjum, fuglum, kanínum og músum.





## Refur yfirlit ára

**Árið 1998:** Algengt var að sjá refi upp í Vatnsendakrika í sumar og er það næsta víst að greni var í nágrenninu. Útlit er fyrir að fjölgun refa haldi áfram meðan engar aðgerðir eru í gangi til að fækka þeim.

**Árið 1999:** Mjög algengt var að sjá refi í sumar í Vatnsendakrika og allt útlit fyrir að greni hafi verið nálægt Húsfelli. Þó hefur ekki sést mikið af förum á Jaðarssvæði í vetur.

**Árið 2000:** Mjög mikið bar á refum í Heiðmörk í sumar og sáu til dæmis tveir refir samtímis við Gvendarbrunnahús.

**Árið 2001:** Mjög mikið bar á refum þetta árið. Eitt greni fannst í nágrenni Gvendarbrunna í september sem skýrir það hversu algengt hefur verið að sjá refi í nágrenni Gvendarbrunna.

**Árið 2002:** Mjög mikið bar á refum þetta árið. Greni var í nágrenni Gvendarbrunna, en refurinn flutti sig eftir góðfúslegar óskir um að vera annars staðar. En töluvert er um að þeir sjáist í Heiðmörkinni.

**Árið 2003:** Svipaður fjöldi refa og undanfarin ár en öruggt er að greni var í ábúð nálægt Vatnsendakrika.

**Árið 2004:** Refum virðist ennþá fjölga í Heiðmörk og tvær tófur voru með hvolpa úr sitthvoru greninu.

**Árið 2005:** Áberandi mikið af ref eins og síðustu ár.

**Árið 2006:** Svipaður fjöldi refa og undanfarin ár. Öruggt er að greni var í ábúð nálægt Vatnsendakrika.

**Árið 2007:** Nokkuð var um refi þetta árið og eitt greni fannst nálægt Hjallabraut.

**Árið 2008:** Meira var um refi en undanfarin ár og líklega þrjú greni í ábúð í Heiðmörk.

**Árið 2009:** Mikið um refi allt árið. Ein tófa með hvolpa í Vatnsendakrika og nýtt greni fannst á Jaðarssvæði.

**Árið 2010:** Mikið um refi allt árið. Eitt greni í Vatnsendakrika í ábúð, en ekki tókst að staðsetja það.

**Árið 2011:** Nokkuð um refi á þessu ári. Eitt grein austan við Vatnsendakrika og hvolpar sáu á Jaðarssvæði í sumar.

**Árið 2012:** Mun minna um refi á þessu ári og engin greni fundust.

**Árið 2013:** Engin greni fundust en hvolpar voru við Gvendarbrunna í ágúst.

**Árið 2014:** Engin greni fundust en hvolpar voru í Vatnsendakrika síðsumars.

**Árin 2015 og 2016:** Engin greni fundust en hvolpar voru við Gvendarbrunna síðsumars.

**Árin 2017 til 2019:** Engin greni fundust en hvolpar sáu í Vatnsendakrika.

**Árið 2020:** Engin greni fundust en þó sáu hvolpar við Gvendarbrunna síðsumars.

**Árið 2021:** Engin greni fundust en hvolpar sáu í Vatnsendakrika síðsumars.

**Árið 2022:** Greni fannst í Vatnsendakrika og nokkrir hvolpar sáu á Jaðarssvæði í haust.







© Hafsteinn Björgvinsson

## **Minkur (*Mustela vison*)**

Oftast eru eitt til tvö greni á Jaðarssvæði og algengast er að minkar sjáist snemma vors og síðla sumars. Yfirleitt veiðast tíu til tuttugu dýr á ári og er þá Myllulækjarsvæðið talið með. Minkar lifa mest á fiskum, fuglum, eggjum og músum.



© Hafsteinn Björgvinsson



## Minkur yfirlit ára

**Árið 1998:** Tvö greni fundust og grunsemdir eru um það þriðja. Eitt greni fannst hjá gamla sumarþústaðnum og annað við Myllulækjartjörn. Hugsanlegt er að það þriðja hafi verið austan við Gvendarbrunnahús. Alls veiddust nítján minkar þetta árið sem er töluvert yfir meðalveiði.

**Árið 1999:** Aðeins varð vart við eitt greni í sumar á Jaðarssvæði. 20 minkar veiddust þetta árið sem bendir til að fjölgun sé hjá stofninum.

**Árið 2000:** Heldur var minna um minka í ár en tvær spenasognar læður náðust í vor sem gæti verið skýringin á fækkun veiddra minka þetta árið. Alls veiddust 15 minkar.

**Árið 2001:** Mikil aukning var á tölu veiddra minka á svæðunum þetta árið og náðust 22 minkar.

**Árið 2002:** 21 minkur veiddist þetta árið. Ekki fannst neitt greni á svæðunum.

**Árið 2003:** 21 minkur veiddist þetta árið. Læða með hvolpa var við Hrauntúnstjörn og önnur spenasogin læða veiddist í sumar.

**Árið 2004:** Meira var um mink þetta árið og veiddust 24 minkar.

**Árið 2005:** Mun minna var um mink þetta árið og aðeins veiddust 8 minkar. Tvær læður veiddust snemma árs svo það getur útskýrt fækkun á veiddum dýrum.

**Árið 2006:** Mun minna var um mink þetta árið og aðeins veiddust 9 minkar.

**Árið 2007:** Mun minna var um mink þetta árið og aðeins veiddust 5 minkar.

**Árið 2008:** Mun minna var um mink þetta árið og aðeins veiddust 4 minkar.

**Árið 2009:** Aukning frá síðustu árum. Tíu minkar veiddust á þessu ári.

**Árið 2010:** Sextán minkar veiddust á þessu ári. Hvolpar fundust bæði á Myllulækjar- og Jaðarssvæði.

**Árið 2011:** Tólf minkar veiddust á þessu ári. Ein læða með hvolpa við Hrauntúnstjörn.

**Árið 2012:** Sautján minkar veiddust á þessu ári. Ein læða með hvolpa við Hrauntúnstjörn snemma sumars og önnur um haustið.

**Árið 2013:** Átta minkar veiddir á þessu ári. Ein læða með hvolpa við Hrauntúnstjörn.

**Árið 2014:** Fjórtán minkar veiddir á þessu ári. Tvær læður með hvolpa við Hrauntúnstjörn.

**Árið 2015:** Átta minkar veiddir á þessu ári, þar af tvær spenasognar læður við Hrauntúnstjörn.

**Árið 2016:** Níu minkar veiddir.

**Árið 2017:** Átta minkar veiddir.

**Árið 2018:** Met veiði á mink þetta árið. Alls veiddust 24 minkar þar á með talin ein ógotin læða með 8 fóstur.

**Árið 2019:** Enn eitt metárið.

28 minkar veiddust þetta árið.

**Árið 2020:** Níu minkar veiddir.

**Árið 2021:** Sautján minkar veiddir.

**Árið 2022:** Nítján minkar veiddir.











## Árleg viðkoma fugla



## Árlegur fjöldi fugla milli mánaða







© Hafsteinn Björgvinsson

### Heimildir:

Náttúra Mývatns  
Fuglar Íslands og Evrópu  
Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 25  
Jón S. Hannesson  
Jón Þ. Þorgeirsson  
Karl Skírnisson  
Baldur Sigurðsson  
Þorvaldur St. Jónsson  
Ólafur K. Nielsen  
Vignir Sigurðsson

### Myndir:

Yann Kolbeinsson <https://notendur.hi.is/yannk/indexeng.html>  
(fjallvákur, bakkasvala, gransöngvari og flóastelkur)  
Guðmundur Geir <http://frontpage.simnet.is/dna/> (haförn, haftyrdill og taumönd)  
Hrafn Óskarsson <http://www.flickr.com/photos/hrafnoskarsson/> (skógarsnípa og húsamús)  
Sigmundur Ásgeirsson <https://www.flickr.com/photos/simmi25/> (trjásvala, skutulönd, gjóður, vetrartittlingur og blesgæs)  
Hafsteinn Björgvinsson [hafsteinn.bjorgvinsson@veitur.is](mailto:hafsteinn.bjorgvinsson@veitur.is)

### Sérstakar þakkir:

Kolbeinn Bjarnason  
Ólöf Snæhólm Baldursdóttir  
Hildigunnur Þorsteinsdóttir  
Daníel Bergmann  
Friðþjófur Helgason

**Óheimilt er með öllu að breyta þessari útgáfu og/eða nota efni úr henni nema með samþykki höfundar og eða höfunda mynda.**

**Hafsteinn Björgvinsson.**



# Yfirlit ára

## Himbrimi yfirlit ára

**Árið 1998:** Himbrimapar verpti við Hrauntúnstjörn að venju. Tvö egg voru í hreiðrinu en aðeins annað þeirra klaktist út. Unginn komst á legg og fór burt í október.

**Árið 1999:** Himbrimapar kom upp tveimur ungum sem yfirgáfu Hrauntúnstjörnina í byrjun september.

**Árið 2000:** Himbrimaparið verpti að venju við Hrauntúnstjörn. Tvö egg voru í hreiðrinu en aðeins annað þeirra klaktist út. Unginn komst á legg og yfirgaf Hrauntúnstjörn í byrjun október. Mestur fjöldi himbrima var 6 í júní.

**Árið 2001:** Himbrimaparið verpti að venju við Hrauntúnstjörn en um það leyti sem til útungunar kom var það rænt. Parið verpti þó aftur og komust tveir ungar á legg og hurfu þeir til sjávar í október.

**Árið 2002:** Himbrimapar verpti við Hrauntúnstjörn og tveir ungar komu úr hreiðri, annar þeirra hvarf þó fljótlega en hinn komst á legg og hvarf til sjávar um miðjan október.

**Árið 2003:** Ekkert varp var í sumar þar sem annar fuglinn flaug á línu um vorið rétt áður en varp hófst.

**Árið 2004:** Himbrimapar verpti að venju við Hrauntúnstjörn og einn ungi komst á legg.

**Árið 2005:** Himbrimapar verpti að venju við Hrauntúnstjörn og tveir ungar komust á legg. Fullorðinn himbrimi fannst vængbrotninn í ágúst við affall Hrauntúnstjarnar og var hann aflífaður.

**Árið 2006:** Himbrimapar verpti að venju við Hrauntúnstjörn. Fljótlega eftir útungun flaug kvenfuglinn á háspennulínu og vængbrotnaði. Karlfuglinn reyndi að sinna ungunum en þegar aðkomufugl kom á vatnið fór of mikill tími í að hrekja hann í burtu og vegna slæms veðurs dóu báðir ungarnir. Vængbrotni fuglinn var svo aflífaður með leyfi umhverfisráðuneytis .

**Árið 2007:** Hvorugur unganna komust upp, annar þeirra hvarf og hinn fannst dauðu eftir að hafa lent í sjálfheldu en fengið aðhlyningu. Báðir ungarnir voru nálægt því að verða fleygir. Annað þar reyndi varp á Myllulæk sem misfórst.

**Árið 2008:** Einn ungi komst upp á Hrauntúnstjörn og parið á Myllulæk kom líka upp einum unga eins komst einn ungi upp á Elliðavatni. Einn fullorðin himbrimi fannst dauður á Elliðavatni í haust. Hann var skaddaður á væng.

**Árið 2009:** Eitt þar verpti á Myllulækjarsvæði og kom upp einum unga. Parið á Hrauntúnstjörn verpti tvisvar en eftir seinna varpið flaug karlfuglinn á línu og lést, við það hætti kvenfuglinn að liggja á. Elliðavatnsparið verpti við Helluvatn þetta árið og kom upp tveim ungum.

**Árið 2010:** Parið á Hrauntúnstjörn kom upp tveim ungum. Varpið á Myllulækjartjörn misfórst og parið á Elliðavatni missti báða ungana fljótlega eftir að þeir komu úr hreiðri.

**Árið 2011:** Einn ungi komst upp á Hrauntúnstjörn en hinn ungin vængbrotnaði. Ekki komu neinir ungar úr hreiðri hjá Elliðavatnsparinu né Myllulækjarparinu.



**Árið 2012:** Einn ungi af tveim komst upp á Hrauntúnstjörn en hinn unginn vængbrotnaði. Sitthvor unginn komst upp á Myllulækjartjörn og Elliðavatni.

**Árið 2013:** Tveir ungar komust upp á bæði Myllulækjar- og Hrauntúnstjörn og sitt hvor unginn var á Elliða- og Helluvatni. Unginn á Helluvatni flæktist í girni sem vafðist um gogginn og hindraði að hann gæti matast. Giftusamlega tókst að handsama ungann og ná girninu úr honum. Ekki er annað vitað nema allir ungarnir hafi komist á legg.

**Árið 2014:** Tveir ungar komust upp á Myllulækjartjörn. Einn ungi var á Hrauntúnstjörn en komst ekki á legg. Ekki er vitað hvort að ungar hafi verið á Elliðavatni þetta sumarið.

**Árið 2015:** Parið á Hrauntúnstjörn reyndi tvisvar varp sem misfórst í bæði skiptin. Fullorðin himbrimi fannst dauður á Hrauntúnstjörn í sumar. Einn ungi komst upp á Myllulækjartjörn. Ekki er vitað til þessa að ungar hafi verið á Elliða- eða Helluvatni.

**Árið 2016:** Parið á Hrauntúnstjörn reyndi tvisvar varp og í seinna skiptið komu tveir ungar sem hurfu fljótlega. Karlfuglinn var merktur um vorið en skaðaði sig á raflínu og sást síðast til hans á Elliðavatni um haustið þá enn ófær um að fljúga. Parið á Myllulækjartjörn kom upp einum unga. Ekki er vitað um hvernig gekk hjá himbrimum á Elliðavatni.

**Árið 2017:** Parið á Hrauntúnstjörn kom upp tveimur ungum, en parið á Myllulækjartjörn missti annan ungann þegar hann flæktist í girni. Ekki er vitað um hvernig gekk hjá himbrimum á Elliðavatni en öruggt er að einn ungi komst þar á legg

**Árið 2018:** Tveir ungar voru á Hrauntúnstjörn en annar þeirra flaug á raflínu og lést. Tveir ungar komust upp á Myllulækjartjörn og einn á Elliðavatni.

**Árið 2019:** Tveir ungar komust upp á Hrauntúnstjörn og tveir á Myllulækjartjörn. Ekki er vitað hvort að ungar hafi verið á Elliðavatni í sumar.

**Árið 2020:** Einn ungi komst upp á Hrauntúnstjörn og einn á Myllulækjartjörn. Varp misfórst við Hrauntúnstjörn en parið verpti aftur.

**Árið 2021:** Einn ungi komst upp á Hrauntúnstjörn og tveir á Myllulækjartjörn. Fyrri varpið við Hrauntúnstjörn misfórst en parið verpti aftur.

**Árið 2022:** Varp misfórst við Hrauntúnstjörn, en tveir ungar komust upp á Myllulækjartjörn. Ekki er vitað með varpárangur á Elliðavatni.



## Álft yfirlit ára

**Árið 1998:** Eitt par verpti á Myllulækjarsvæði og komust fjórir ungar á legg. Álftirnar fóru þó fljótt af svæðinu með ungana og sáust þær ekki aftur fyrr en um haustið.

**Árið 1999:** Eitt par verpti á Myllulækjarsvæði en fór strax með ungana af svæðinu svo ekki reyndist unnt að hafa tölu á þeim.

**Árið 2000:** Eitt par verpti að venju á Myllulækjarsvæði en ekki náðist að telja ungana áður en álftein fór með þá á Elliðavatni.

**Árið 2001:** Eitt par verpti á Myllulækjarsvæði og kom upp ungum á Elliðavatni

**Árið 2002:** Eitt par verpti á Myllulækjarsvæði og kom upp fjórum ungum á Elliðavatni.

**Árið 2003:** Eitt par verpti á Myllulækjarsvæði og kom upp ungum á Elliðavatni.

**Árið 2004:** Eitt par verpti á Myllulækjarsvæði og kom upp ungum á Elliðavatni.

**Árið 2005:** Eitt par verpti að venju á Myllulækjarsvæði og annað part verpti við Hrauntúnstjörn eftir langt hlé á varpi þar. Fimm ungar voru með hvoru pari og héldu til á Elliðavatni og Helluvatni.

**Árið 2006:** Eitt par verpti að venju á Myllulækjarsvæði og annað part verpti við Hrauntúnstjörn. Fimm ungar voru með hvoru pari og héldu til á Elliðavatni og Helluvatni. Nokkur afföll voru á ungum, en ástæðan ókunn.

**Árið 2007:** Eitt par verpti á Myllulæk og annað á Hrauntúnstjörn. Fimm ungar hjá hvoru pari en einhver afföll.

**Árið 2008:** Eitt par á Myllulæk og annað á Hrauntúnstjörn. Þrjú ungar komust á legg.

**Árið 2009:** Eitt par á Myllulæk og annað á Hrauntúnstjörn. Þrjú ungar komust á legg á Myllulæk en varp misfórst við Hrauntúnstjörn. Eitt par verpti á Elliðavatnsengjunum en það misfórst.

**Árið 2010:** Ekkert varp við Hrauntúnstjörn og parið á Myllulækjarsvæði var með einn unga sem hvarf fljótlega.

**Árið 2011:** Fimm ungar komust á legg við Hrauntúnstjörn og tveir við Myllulækjartjörn.

**Árið 2012:** Fimm ungar komu úr hreiðri við Hrauntúnstjörn og 3 við Myllulækjartjörn. Aðeins einn ungi komst þó upp á báðum stöðum þar sem áflug á raflínur og önnur skakkaföll urðu þeirra örlög.

**Árið 2013:** Ekkert varp var við Myllulækjartjörn en álfтарыð við Hrauntúnstjörn var með sex unga, og fimm af þeim komust á legg.

**Árin 2014 og 2015:** Ekkert varp var við Myllulækjartjörn. Parið á Hrauntúnstjörn kom upp fjórum ungum bæði árin.

**Árið 2016:** Fimm ungar komu úr hreiðri við Hrauntúnstjörn og þrjú við Myllulækjartjörn. Bæði pörin misstu sitt hvorn ungann.

**Árið 2017 og 2018:** Fjórir ungar komust á legg bæði árin við Hrauntúnstjörn en engir ungar komu úr hreiðri hjá Myllulækjarparinu.

**Árið 2019:** Varp var við bæði Myllulækjar- og Hrauntúnstjörn en engir ungar komu úr hreiðri þetta sumar.

**Árið 2020:** Varp var við Hrauntúnstjörn og einn ungi komst upp.

**Árið 2021:** Varp var við Hrauntúnstjörn og einn ungi komst upp af fimm ungum.

**Árið 2022:** Varp var við Hrauntúnstjörn og tveir ungar komust upp.



## Grágæs yfirlit ára

**Árið 1998:** Töluvert færri gæsir verptu í ár á báðum svæðum. Aðeins 9 pör á Myllulækjarsvæði og fjögur á Jaðarssvæði. Ástæðan er hugsanleg ásókn refa og minka.

**Árið 1999:** Mun færri gæsir verptu á Jaðarssvæðinu, aðeins um tvö pör sáust þar með unga þetta árið. Eðlilegt varp var þó á Myllulækjarsvæði.

**Árið 2000:** Fáar gæsir verptu á Myllulækjarsvæði þetta árið og aðeins sáust fjögur pör með unga þar en mun fleiri voru við Kirkjuhólmatjörn og fundust þar um 8 hreiður en mestur fjöldi taldist vera um 200 fuglar í ágúst á báðum svæðum.

**Árið 2001:** Nokkur pör reyndu varp við Kirkjuhólmatjörn en öll hreiðrin voru rænd. Töluverð fækkun var því á fjölda gæsa í sumar á svæðunum. Mestur fjöldi 150 í júlí.

